

Ed.

338. Nefndarállt

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 75, 28. nóv. 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra.

Frá mentamálanefnd.

Breytingar þær, sem ætlast er til að frumvarp þetta geri á gildandi lögum, eru 3:

1. Laun farskólakennara og eftirlitskennara við heimafræðslu, sem í gildandi lögum eru miðuð við 6 mánaða skóla, minka hlutfallslega, ef skólinn stendur styttri tíma.
2. Dýrtidaruppbót kennara, sem nú greiðist úr ríkissjóði, á að greiðast af sömu aðiljum og launin og í sömu hlutföllum.
3. Dóms- og kenslumálaráðherra má segja upp þeim kennurum með 4 mánaða fyrirvara, sem skólanefndir og fræðslunefndir sanna, að eigi sje þörf á.

Að því er 1. atriði snertir, þá eru laun kennara, sem þar um ræðir, 300 kr. á ári auk hlunninda, sem kennari fær meðan hann hefir kensluna á hendi. Sparnaður af þessu mundi verða svo óverulegur, að varla er ástæða til að nefna hann, enda þessir kennarar verst launaðir.

Að því er 2. atriði snertir, þá er þar að ræða um að ljetta af ríkissjóðnum nokkrum þeim útgjöldum, sem enn hvíla á honum vegna barnafræðslunnar, og leggja þau á sveitarfjelögin. Útgjöld landssjóðs mundu við þetta fyrirkomulag minna, ef árið 1924 væri lagt til grundvallar, um kr. 80796,92, en þessi útgjöld mundu yfirfærast:

1. Á Reykjavík	kr. 24916,67
2. - aðra kaupstaði	— 22143,30
3. - sveitarfjelögin	— 33736,95

Hjer er því ekki um neinn þjóðarsparnað að ræða, að eins um hitt, hvort sveitarfjelögin eru fær til þess að taka á sig nokkuð af þeim byrðum, sem nú hvíla á ríkissjóði. Þar sem skattar til ríkissjóðs hafa verið auknir alltilfinnanlega á þessu þingi, og ríkissjóðurinn því færari til að mæta útgjöldum sínum, virðist ekki sanngirni mæla með því, auk skattanna, að íþyngja sjerstaklega sveitarfjelög- unum, sem eiga við flesta þá sömu örðugleika að búa eins og ríkissjóður, en hafa hinsvegar ekki fengið neina nýja tekjustofna.

Að því er 3. atriði snertir, þá er heimild í 14. gr. gildandi laga um laun kennara fyrir dóms- og kirkjumálaráðherra til þess að segja kennurum upp starfi þeirra. Breytingin hjer sýnist að eins fara í þá átt, að uppsagnarfresturinn er ákveðinn. En þessar breytingar sýnast óverulegar.

Samkvæmt þessu verður ekki sjeð, að frá fjárhagslegu sjónarmiði sje rjett að samþykkja þetta frumvarp. En þegar hinsvegar er litið á það frá sjónarmiði alþýðumentunarinnar, virðist ennþá síður ástæða til þess að frumvarpið verði að lögum.

Ef útgjöld samkvæmt frumv. yrðu yfirfærð frá ríkissjóði til sveitar- og bæjarfjelaga, mundu þau verða til þess að auka andúð gegn alþýðumentuninni, og þeir, sem enn ekki hafa skilið hina djúptæku þýðingu góðrar alþýðufræðslu, mundu henda tækifærið á lofti og beinlinis róa öllum árum að því að draga af alefli úr alþýðumentuninni, en þetta telur nefndin óholt fyrir þjóðina.

Nefndin er á einu máli um það yfirleitt, að gera beri hinar ströngustu kröfur til kennara þjóðarinnar, en jafnframt litur hún svo á, að nauðsynlegt sje, að þessi stjett mæti samúð og skilningi löggjafarinnar, þar sem verkefni þau, sem hún fer með, eru svo djúptækur liður í uppeldi þjóðarinnar.

Með tilvísun til þess, sem tekið er fram hjer að framan, leggur nefndin því til við háttv. deild, að frumv. verði felt.

Alþingi, 9. apríl 1924.

Ingibjörg H. Bjarnason,
formaður.

Sigurður Eggerz,
framsögum.

Jónas Jónsson,
fundaskrifari.